



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjórnar

| | |
|-------------------------|----------------|
| SKJALAVER HÖFÐATORGI | |
| 7. FEB. 2019 | |
| Málsnr.: | 415K2019020015 |
| Bréfalykill: | 0.2.1 |

Reykjavík, 1. febrúar 2019
R18060129
100
BP

Umhverfis- og skipulagssvið


Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga að breytingu á viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar


Á fundi forsætisnefndar þann 1. febrúar 2019 voru lögð fram drög umhverfis- og skipulagssviðs, ódags., að breytingu á viðaukum við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna fullnaðarafgreiðsluheimilda umhverfis- og skipulagssviðs.

Forsætisnefnd samþykkti að vísa erindinu til frekari vinnslu umhverfis- og skipulagssviðs. Óskað er eftir að sviði vinni tillöguna áfram í samráði við skipulags- og samgönguráð og umhverfis- og heilbrigðisráð. Forsætisnefnd óskaði jafnframt eftir því að endanlegri tillögu fylgi minnisblað sviðsins þar sem breytingar á fullnaðarafgreiðsluheimilidum eru útlistaðar, ásamt skjali þar sem hægt er að sjá muninn á viðaukanum fyrir og eftir breytingar.

Fyrir hönd forsætisnefndar


Bjarni Þóroddsson

Hjálagt:
Drög umhverfis- og skipulagssviðs



Viðauki 1.1.

Um fullnaðarafgreiðslur skiplags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

1. gr.

Skiplags- og samgönguráðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

a. Öll mál sem sveitarstjórn afgreiðir samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 6. gr. laganna, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, svo sem afgreiðsla skipulagslýsinga, deiliskipulagsáætlana samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Undanskildar eru ákvarðanir um auglýsingu og afgreiðslu á svæðis-, aðal-, **deili- og** hverfisskipulagi en þær ákvarðanir eru ávallt háðar samþykki borgarráðs. Hið sama gildir um auglýsingu og afgreiðslu á tillögum að breytingum á slíkum áætlunum.

b. Ákvörðun um afgreiðslu á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, ef engar athugasemdir berast á auglýsingatíma.

c. Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Skiplags- og samgönguráðs getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a.-c. til borgarráðs og skal það gert sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Afgreiðslur mála sem talin eru upp í a.-c. lið 1. gr. skulu færðar í fundargerð **skiplags- og samgönguráðs** og lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu **skiplags- og samgönguráðs** eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal **skiplags- og samgönguráðs** taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 52. gr. skipulagslaga.

VIÐAUKI 2.3

Um embættisafgreiðslu skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar **skipulags- og samgönguráðs**, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulagslög nr. 123/2010, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögunum samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða eftirtalin mál á afgreiðslufundi sínum, sbr. 1. gr.:

- a. Skipulagsfulltrúa er heimilt að ákveða að grenndarkynna tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. EF minniháttar athugasemdir berst á athugasemdartíma við grenndarkynningu er skipulagsfulltrúa heimilt að afgreiða slík mál án þess að vísa til skipulags- og samgönguráðs. Minniháttar athugasemdir eru metnar út frá skuggavarpí, innsýn eða byggðamynstri og skerði ekki hagsmunir nággranna. Heimilt er að fresta afgreiðslu slíkra erinda er varða breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu, þegar fyrir liggur ákvörðun borgarráðs um að hefja vinnu við deili- eða hverfisskipulag fyrir viðkomandi svæði. Slíkur frestur skal vera að hámarki eitt ár frá umsókn en skipulagsfulltrúa er þó heimilt að ákveða lengri frest enda sé um að ræða málefnalegar ástæður. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða mál skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga b.e. að vikið sé frá kröfum 2. mgr. 43. gr. laganna um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nággranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn þegar kemur að útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga hafa engar eða minniháttar athugasemdir hafi borist á athugasemdartíma. Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykka deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar eða minniháttar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nema skipulags- og samgönguráð eða borgarráð ákveði annað. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögunnar skv. 5. ml. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúi getur framlengt frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
- b. Skipulagsfulltrúi afgreiðir mál sem varða meðferð og útgáfu framkvæmdaleyfa. Skipulagsfulltrúa er heimilt að leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga og ef framkvæmdin fellur undir C-flokk framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsfulltrúa er heimilt að samþykkja og gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við skipulag.
- c. Skipulagsfulltrúi getur, með þriggja mánaða fyrirvara, lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólögmætt.
- d. Skipulagsfulltrúa er heimilt að stöðva framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað. e. Skipulagsfulltrúa er heimilt að framsenda, vísa frá eða synja erindum sem beint er til skipulags- og samgönguráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa á framangreindum málum skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulags- og samgönguráðs.

~~3.~~ 4.gr.


Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs.

Sniðið: Venjulegur, Inndráttur: Vinstri: 0,63 cm, Engin áherslumerki eða tölusetning

~~5.~~ 5-gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, ákvæði reglugerða settra á grundvelli laganna og samþykktir borgarstjórnar ef við á. 6. gr. Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnarsýslulaga. Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og samgönguráð taka málið upp að nýju. Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá birtingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sniðið: Miðjað



Viðauki 1.1.

Um fullnaðarafgreiðslur skiplags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

1. gr.

Skiplags- og samgönguráðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

a. Öll mál sem sveitarstjórn afgreiðir samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 6. gr. laganna, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, svo sem afgreiðsla skipulagslýsinga, deiliskipulagsáætlana samkvæmt ~~2. mgr. 43. gr. og~~ 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Undanskildar eru ákvarðanir um auglýsingu og afgreiðslu á svæðis-, aðal-, **deili- og** hverfisskipulagi en þær ákvarðanir eru ávallt háðar samþykki borgarráðs. Hið sama gildir um auglýsingu og afgreiðslu á tillögum að breytingum á slíkum áætlunum.

b. Ákvörðun um afgreiðslu á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, ef engar athugasemdir berast á auglýsingatíma.

c. Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Skiplags- og samgönguráðs getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a.-c. til borgarráðs og skal það gert sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Afgreiðslur mála sem talin eru upp í a.-c. lið 1. gr. skulu færðar í fundargerð **skiplags- og samgönguráðs** og lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu **skiplags- og samgönguráðs** eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal **skiplags- og samgönguráðs** taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 52. gr. skipulagslaga.

VIÐAUKI 2.3

Um embættisafgreiðslu skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar **skipulags- og samgönguráðs**, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulagslög nr. 123/2010, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða eftirtalin mál á afgreiðslufundi sínum, sbr. 1. gr.:

- a. Skipulagsfulltrúa er heimilt að ákveða að grenndarkynna tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. [EF minniháttar athugasemdir berst á athugasemdartíma við grenndarkynningu er skipulagsfulltrúa heimilt að afgreiða slík mál án þess að vísa til skipulags- og samgönguráðs. Minniháttar athugasemdir eru metnar út frá skuggavarp, innsýn eða byggðamynstri og skerði ekki hagsmuni nágranna.](#) Heimilt er að fresta afgreiðslu ~~slíkra~~ erinda [er varða breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu](#), þegar fyrir liggur ákvörðun borgarráðs um að hefja vinnu við deili- eða hverfisskipulag fyrir viðkomandi svæði. Slíkur frestur skal vera að hámarki eitt ár frá umsókn en skipulagsfulltrúa er þó heimilt að ákveða lengri frest enda sé um að ræða málefnalegar ástæður. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, [hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu](#). Skipulagsfulltrúa er heimilt [að afgreiða mál](#) skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga [þ.e. að vikið sé frá kröfum 2. mgr. 43. gr. laganna um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn þegar kemur að útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis](#). Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga [hafa engar eða minniháttar athugasemdir hafi borist á athugasemdartíma](#). Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykta deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar [eða minniháttar](#) athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nema [skipulags- og samgönguráð](#) eða borgarráð ákveði annað. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögunnar skv. 5. ml. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúi getur framlengt frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.
- b. Skipulagsfulltrúi afgreiðir mál sem varða meðferð og útgáfu framkvæmdaleyfa. Skipulagsfulltrúa er heimilt að leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga og ef framkvæmdin fellur undir C-flokk framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsfulltrúa er heimilt að samþykkja og gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við skipulag.
- c. Skipulagsfulltrúi getur, með þriggja mánaða fyrirvara, lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólöglegt.
- d. Skipulagsfulltrúa er heimilt að stöðva framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað. e. Skipulagsfulltrúa er heimilt að framsenda, vísa frá eða synja erindum sem beint er til [skipulags- og samgönguráðs](#) og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

3. gr.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa á framangreindum málum skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulags- og samgönguráðs.

~~3.~~ 4.gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs. ~~Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs.~~

~~5.~~ 5-gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, ákvæði reglugerða settra á grundvelli laganna og samþykktir borgarstjórnar ef við á. 6. gr. Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnýslulaga. Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði, sbr. 24. gr. stjórnýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og samgönguráð taka málið upp að nýju. Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá birtingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sniðið: Venjulegur, Inndráttur:
Vinstri: 0,63 cm, Engin
áherslumerki eða tölusetning

Sniðið: Miðjað